



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningu fyrir almenning vegna breytinga á bílastæðum við Öldugötu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að fyrirliggjandi tillaga um fækkun bílastæða við Öldugötu verði kynnt fyrir þeim íbúum götunnar og aðliggjandi gatna, sem hagsmuna eiga að gæta. Verði íbúunum gefinn kostur á að láta í ljós skoðun sína á framkvæmdinni áður en endanleg ákvörðun verður tekin um hana. Jafnframt er lagt til að tillagan verði kynnt fyrir starfsfólki og foreldrafélagi leikskólans Öldukots, sem augljóslega á einnig hagsmuna að gæta í málinu.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 17. maí sl.

Umsögn:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 14. desember 2022 var tillaga að breytingu að deiliskipulagi Landakotsreits lögð til en tillagan hafði verið grenndarkynnt frá 9. maí til og með 20. júní. Í tillögunni kemur m.a. fram að fækka eigi bílastæðum í Hrannarstíg vegna afmökunar á lóð fyrir grenndarstöð við horn Hrannarstígs og Öldugötu. Einnig að gerðar verði ráðstafanir á mótum Hrannarstígs og Öldugötu til þess að bæta umferðaröryggi, svo sem að gangstéttir verði breikkaðar við gatnamót og að Öldugata verði þrengd. Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 1. september 2022. Fundargerðin var staðfest í borgarráði þann 15. september 2022, sbr. 16. liður fundargerðar borgarráðs.

Þar sem tillaga að ofangreindum breytingum að deiliskipulagi hefur þegar verið grenndarkynnt þykir ekki ástæða til að boða til fundar að nýju, enda hafi þeir sem búa í grennd við fyrirhugaðar breytingar þegar verið gefinn kostur á að tjá sig um málefnið.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn berst við tillögunni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri